

Hverfisnefnd Oddeyrar

Aðalfundur 2004 (25. fundur)

Aðalfundur Hverfisnefnd Oddeyrar var haldinn í matsal Oddeyrarskóla þriðjudaginn 23. nóvember 2004 og hófst fundur kl. 20.00.

Mættir voru nefndarmennirnir: Hjalti Jóhannesson, Jón Einar Jóhannesson, Hafdís Pálsdóttir, Hörður Sigurharðarson, Sólveig Jóhannsdóttir og Hólmar Svansson .

1. Setning aðalfundar – Hjalti formaður nefndarinnar setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.
2. Jóni Einari var falin fundarstjórnun og Sólveig tók að sér ritun fundargerðar.
3. Skýrsla formanns fyrir síðasta starfsár var svohljóðandi;

Frá síðasta aðalfundi Hverfisnefndar Oddeyrar sem haldinn var þann 25. nóvember 2003 hefur nefndin fundað 9 sinnum, fjallað um ýmis málefni og hitt fulltrúa bæjarins og fleiri aðila. Auk þess hafa einstakir nefndarmenn talað máli hverfisins milli funda og sent út erindi í nafni nefndarinnar.

Í hverfisnefndinni sitja eftirfarandi fulltrúar:

Aðalmenn:

Varamenn:

Hallgrímur Skaptason

Hafdís Pálsdóttir

Hjalti Jóhannesson, formaður

Hólmar Svansson

Jón Ingi Caesarsson

Hörður Sigurharðarson

Jón Einar Jóhannsson

Sólveig Jóhannsdóttir, ritari

Á aðalfundinum 2003 voru samþykktar fjórar tillögur;

- a) Sparkvöllur á lóð Oddeyrarskóla í tengslum við áttak KSÍ,
- b) Endurnýjun leiktækja á lóð Oddeyrarskóla og starfsvöllur,
- c) Lagfæringar á umhverfi Hjalteyrargötu og
- d) Umhverfisfrágangur og umferð við Hvannavelli og Greifann.

Þessar tillögur voru sendar á viðeigandi staði innan bæjarkerfisins. Ein þeirra náði fram að ganga á árinu, þ.e. gerð sparkvallar á lóð Oddeyrarskóla. Fjármagn vegna þeirrar framkvæmdar mun raunar hafa verið tekið að stórum hluta af sömu fjárveitingu og tillaga b) um endurnýjun leiktækja á lóð Oddeyrarskóla. Samkvæmt því sem nefndarmönnum skilst mun endurnýjun leiktækjanna vera á áætlun fyrir 2005. Lagfæringar á umhverfi Hjalteyrargötu hafa hafist eftir langt hlé með gerð gangstéttar austan götunnar á móts við Hagkaup.

Um áramótin 2003-04 barst nefndinni erindi um aðstoð við íbúa í Strandgötu vegna ónæðis af rekstri öldurhúsanna sem rekin hafa verið við neðanverða götuna. Þarna er um erfitt mál að ræða sem hefur verið í gangi í um 10 ár. Ákveðið var að reyna að afla upplýsinga um málið og koma þeim upplýsingum á framfæri við til þess bær yfirvöld. Sent var út síðla vetrar bréf til að kanna hversu víðtæk þessi óánægja er og hvers eðlis það ónæði er sem íbúar verða fyrir vegna rekstur skemmtistaða í götunni.

Þetta fyrirspurnarbréf var sent í allar 49 íbúðirnar við götuna og íbúunum gefinn kostur á að koma á framfæri upplýsingum um það hvort og þá hvers eðlis ónæðið væri. Einnig vildi nefndin fá vitneskju um það ef einhverjir íbúar telja sig ekki verða fyrir neinu slíku ónæði.

Við fengum 11 svör úr 14 íbúðum. Þegar greind eru þau atriði sem íbúar gera athugasemdir við kemur í ljós að þættir sem varða mannlega hegðun eru langmest áberandi, þ.e. drykkjulæti ýmiskonar og sóðaskapur. Þrátt fyrir að vera mjög einföld könnun t.d. án samanburðar við önnur svæði er þetta mjög eindregin niðurstaða.

Nefndin fór yfir svörin á fundi sínum 14. apríl og þar var samþykkt að kalla á næsta fund nefndarinnar yfirlögregluþjón og bæjarverkfræðing. Sá fundur var haldinn 3. maí og var þessum aðilum, auk skipulags- og byggingarfulltrúa greint frá viðhorfum íbúa við götuna til þessara mála. Í framhaldi af þessu var farið yfir ýmis atriði sem til greina kæmi að framkvæma, til þess að koma til móts við athugasemdir íbúanna. Því miður virðist, samkvæmt upplýsingum frá íbúum, að staðan sé nú mjög svipuð í götunni hvað þessa hluti varðar og hún var í vor.

Enn höldum við okkur við Strandgötuna og nágrenni hennar. Í byrjun árs girtu hafnaryfirvöld af hafnarsvæðið við Oddeyrarskála öllum að óvörum, var þetta hverfisnefndinni til lítillar ánægju. Var hér um lið í vörnum Bandaríkjamanna og stuðningsþjóða þeirra við hryðjuverkaógninni að ræða. Um er að ræða svokallaða siglingavernd. Munu þær hafnir sem vilja geta tekið á móti skemmtiferðaskipum og farmskipum í millilandasiglingum, til a.m.k. Bandaríkjanna, þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur um öryggi farþega og farms. Umhverfisráð bæjarins mótmæli þessari lokun bæði á grundvelli þess að þetta væri í andstöðu við meginstefnu bæjaryfirvalda, þ.e. aðalskipulag og á grundvelli þess að ekki hafði verið aflað tilskyldra leyfa áður en farið var í framkvæmdina.

Hverfisnefndin ritaði í lok janúar harðort bréf til bæjaryfirvalda þar sem hún sagði óásættanlegt að loka hafnarsvæði sem þessu varanlega fyrir almenningi. Útivistargildi þessara mannvirkja væri óumdeilanlegt. Bent var á að gönguleiðin meðfram Strandgötunni og þetta hafnarsvæði hafi skapað eftirsóknarvert og samfellt útivistarsvæði fyrir bæjarbúa. Þá hafi aðgengi að sjónum tæplega verið betra nokkursstaðar á Akureyri. Að hafa gott aðgengi að þessum útivistarsvæðum hafi verið einn af kostunum við að búa á Oddeyri. Þá var loks bent á að vegna legu sinnar sé aðgengi að öðrum útivistarsvæðum almennt lakara á Oddeyri en í öðrum hverfum bæjarins og að af ýmsum ástæðum hafi svæði fyrir tómsundaiðkun innan hverfisins verið skert á undanförunum árum. Erfitt sé una því að þetta bætist við.

Bæjarstjóri tók undir sjónarmið hverfisnefndarinnar í bæjarstjórn en þrátt fyrir það hefur þessi lokun Sigöldubryggjunnar haldið áfram og enn fremur hefur s.k. Sverrisbryggju einnig verið lokað þegar skemmtiferðaskip hafa lagt þar að. Hér mun um alþjóðlega þróun að ræða.

Nefndinni barst ábending um að laga þyrfti úrtök á gangstéttum austan við verslunargötuna við Glerárgötu á móts við undirgöng þar. Þrýst var á aðgerðis bæjarins en enn stendur á framkvæmdum.

Sautjándi júní í ár hélt Bílklúbbur Akureyrar sína 30. bílasýningu á lóð Oddeyrarskóla. Eins og síðan 1999, að einu ári undanskyldu, hefur bílklúbburinn ekið trukkom inn í hverfið til þess að girða fyrir innsýn á sýningarsvæðið. Þessi trukkalagningar og önnur umferðarmál gengu venju fremur illa í ár og ritaði hverfisnefndin því bréf til klúbbsins þar sem óskað var eftir því að klúbburinn hætti að nota trukka í þessum tilgangi og gerði úrbætur í umferðarmálum.

Ákveðið var að halda fund með bílklúbbsmönnum um málið. Sá fundur var haldinn 2. nóvember síðastliðinn ásamt þremur fulltrúum þeirra, lögreglunni og fulltrúa Samskipa, sem leggja þeim til trukkana. Málið var rætt fram og til baka á þessum fundi. Buðust bílklúbbsmenn til að kynna þessar uppákomur betur fyrir nágrennum, bæta umferðarskipulag og hvetja til þess að bílastæði í nágrenninu væru notuð í auknum mæli af gestum sýningarinnar.

Nefndin fékk tvö erindi til umsagnar á árinu. Annars vegar drög að breyttu deiliskipulagi vöruhafnar á sunnanverðum Oddeyrartanga og hins vegar drög að endurskoðaðri fjölskyldustefnu bæjarins.

Ýmislegt ber á góma á fundum nefndarinnar og koma fram hugmyndir nefndarmanna um úbætur í smáu jafnt sem stóru. Eitt af þessu smáa sem nefndin hefur komið á framfæri er að merkja skólann á vesturgafli með fallega merkinu sínu. Þessari hugmynd var vel tekið og blasir merkið nú við vegfarendum. Mættu fleiri stofnanir hér í bæ taka þetta sér til fyrirmyndar s.s. bæjarskrifstofunnar sjálfar.

Hér hefur verið stilknað á stóru um það sem gerst hefur á starfsárinu og vafalaust er eitthvað að gleymast. Hvað störf og starfssvið nefndarinnar almennt varðar finnst nefndarmönnum oft hægt miða að koma málum áfram og valdsvið okkar afar takmarkað. Þannig hefur nefndin m.a. horft til þess að endurnýjuð séu leiktæki á lóð skólans. Er það væntanlegt á næsta ári samkvæmt fréttum frá bænum. Að mati nefndarmanna má það varla seinna vera þar sem einn þeirra á börn um fertugt sem léku sér að þessum sömu leiktækjum í æsku. Sá sem hér talar kannast við þetta, hann náði t.d. að slasa sig 6-7 ára gamall á þeirri sömu rennibraut og er þar nú.

Hverfisnefndin var kjörin til tveggja ára haustið 2002 en nokkrar mannabreytingar hafa orðið á henni vegna búferlaflutninga nefndarmanna og annarra persónulegra aðstæðna. Nokkrir nefndarmanna hafa gefið kost á sér til áframhaldandi setu og þannig verður ekki um það að ræða að algerlega ný nefnd taki við að þessum fundi loknum. Ritari nefndarinnar, Sóveig Jóhannsdóttir hefur ekki óskað eftir endurkjöri. Þannig þarf að velja í nefndina einn aðalmann á þessum fundi. Nefndin skiptir með sér verkum að loknum aðalfundi. Sá sem hér talar er á þeirri skoðun að rétt sé að leyfa sem flestum að taka virkan þátt í þessu starfi og hefur því ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku í nefndinni. Samstarfsfólki mínu í hverfisnefndinni þakka ég ánægjulegt samstarf á árinu. Öðrum sem létu gott af sér leiða í þágu Oddeyrar á árinu eru hér með sömuleiðis færðar innilegar þakkir fyrir framlag sitt.

4. Kjör nýrra nefndarmanna.

Fram kom tillaga um tvo varamenn: Unnar Jónsson aðalmann í stað Sólveigar og Guðnýju Stefánsdóttur varamann í stað Hafdísar og var samþykkt samhljóða

Nefndin er þá skipuð eftirfarandi:

<i>Aðalmenn:</i>	<i>Varamenn:</i>
Hallgrímur Skaptason	Guðný Stefánsdóttir
Hjalti Jóhannesson	Hólmar Svansson
Jón Ingi Caesarsson	Hörður Sigurharðarson
Jón Einar Jóhannsson	
Unnar Jónsson	

5. Afgreiðsla tillagna:

Afgreiðsla tillagna. Eftirfarandi tillögur lágu fyrir fundinum:

Aðalfundur Hverfisnefndar Oddeyrar haldinn 23. nóvember 2004 samþykkir að beina því til bæjaryfirvalda og Vegagerðar Ríkisins að bæta samgöngur og umferð um gatnamót Glerárgötu, Grænugötu og Smáragötu. Þessi gatnamót hafa um alla tíð verið til vandræða og síðast er ekið var á gangandi vegfaranda á gangbraut. Við leggjum til að sett verði hringtorg á þessi gatnamót, við teljum að nóg pláss sé til þess og að umferðaróhöpp séu fátíðari á hringtorgum en á ljósastýrðum gatnamótum.

Samþykkt.

6. Önnur mál:

Nokkur umræða var um lýsingu á Strandgötu neðsta hluta, sem verið er að endurgera en hún er ekki í samræmi við núverandi lýsingu á efrihluta götunnar, íbúar furða sig á þessu.

Umgengni við skemmtistaði í Strandgötu urðu líka efni umræðna og þá kom fram að mikið er um að glerflöskum er hent út úr bifreiðum á ferð, glerbrot eru því mjög víða.

Hvannavellir, umræða um deiliskipulag á reitnum á milli Glerárgötu og Hvannavalla og hvort ekki væti hægt að ganga frá vesturkanti Hvannavalla þ.e. gangstétt og innkeyrslum að fyrirtækjum þar, umferð aukist vegna tónlistaskóla.

Enn til umræðu akstur bifreiðar eftir gangstétt við Glerárgötu inn á Grænugötu og hvað væri til ráða þar sem bæði er búið að ræða við lögreglu og bæjaryfirvöld. Einnig kom til umræðu hvort ekki væri hægt að banna lagningu bíla á norðurkanti Grænugötu þar sem bílastæði eru á suðurkanti. Tekið var til þess að alltaf er lagt við gangbraut neðst í Grænugötu og við strætisvagnabiðstöðuna þar.

Þá var umræða um snjómokstur og blind horn vegna snjóhóla.

7. Slit eiginlegs aðalfundar

Kaffi

Myndasýning og óformlegt spjall.

Fleira ekki gert,
Sólveig Jóhannsdóttir ritaði
fundargerð.

Mættir á aðalfundinn

1. Hafís G. Pálsdóttir
2. Dagný Harðardóttir
3. Hólmfríður Þórðardóttir
4. Birgir Sveinarsson
5. Hörður Sigurharðarson
6. Davíð Þorsteinsson
7. Ágúst Hafsteinsson
8. Jón Hermannsson
9. Hólmar Svansson
10. Sigurjón Jóhannesson
11. Katrín B. Ríkarðsdóttir
12. Sólveig Jóhannsdóttir
13. Jón Einar Jóhannsson
14. Hjalti Jóhannesson
15. Unnar Jónsson
16. Þórveig Hallgrímsdóttir
17. Guðný Stefánsdóttir